

## Hvernig er hægt að minnka vaxtamun á Íslandi?

Ársreikningar stærstu viðskiptabankanna fyrir árið 2014 hafa valdið nokkrum styr hér á landi. Bankarnir þrír skiluðu samanlagt 80 ma.kr. hagnaði en á sama tíma er vaxtamunur, þ.e. munur á vaxtatekjum og gjöldum bankanna, enn mikill og kjörin sem viðskiptavinum býðst ekki samkeppnishæf við það sem gengur og gerist í löndunum í kringum okkur. Því er ef til vill eðlilegt að menn spyrji hverju sæti. Hvað veldur þessum mikla vaxtamun? Er það stærð bankanna og að álögur þeirra skili þeim óeðlilegum hagnaði eða eru aðrir þættir sem valda því að bankakerfið er kostnaðarsamt og kjörin eftir því?




Heimildir: Ársreikningar viðskiptabankanna, útreikningar efnahagssviðs

## Er hagnaður bankanna óeðlilega hár?

Bankarnir þrír skiluðu 80 ma.kr. hagnaði árið 2014 en voru á sama tíma með tæpa 600 ma.kr. bundna í eigið fé. Arðsemi þess fjármagns var því um 14% og telst það nokkuð gott þar sem almenn krafa á markaði liggur á bilinu 10-13%. Út frá þessum mælikvarða má því færa rök fyrir að arðsemi bankanna hafi verið 1-4 prósentum umfram eðlilega kröfu fjárfesta og skapar það grundvöll fyrir umræðu um hvort hagnaður bankanna hafi verið eðlilegur.

Stór hluti þessa hagnaðar er þó tilkominn vegna endurmats á útlánasafni bankanna og því ekki um að ræða rekstrartekjur innheimtar beint af almenningi og fyrirtækjum. Slíkur hagnaður er því ekki góður mælikvarði á undirliggjandi rekstur bankanna og verður til vegna þess að bankarnir reikna með betri heimtum af útstandandi lánum í framtíðinni sem m.a. helst í hendur við betri horfur í íslensku efnahagslífi.

Séu hagnaðartölurnar skoðaðar án virðisbreytinga útlána fæst að arðsemi eiginfjár var um 9% og þ.a.l. 1-4 prósentum undir kröfu á markaði. Svipar hann til þeirrar arðsemi sem 100 stærstu fyrirtæki landsins skiluðu á árinu 2013.




<sup>1</sup>Arðsemi eigin fjár = hagnaður af áframhaldandi rekstri / meðaltal eigin fjár í lok og við upphaf árs. Arðsemi eigin fjár án virðisbreytinga en gert er ráð fyrir að virðisbreytingar beri virka skattprósentu bankanna.

Heimildir: Ársreikningar bankanna, útreikningar efnahagssviðs

### Hvað veldur miklum vaxtamun bankanna?

Þrátt fyrir að arðsemi eigin fjár viðskiptabankanna þriggja sé ekki úr takti við ávöxtun annarra innlendra fyrirtækja er innheimtur vaxtamunur bankanna, þ.e. munur og vaxtatekjum og gjöldum, mikill í alþjóðlegum samanburði og á það við jafnvel þó leiðrétt sé fyrir stærð þeirra. Þessi vaxtamunur greiðist af almenningi og fyrirtækjum og því ekki undarlegt að hann sé gagnrýndur.



<sup>1</sup> M.v. að heildareignir „minni banka“ < 6.000 ma.kr., heildareignir „stærri banka“ > 13.000 ma.kr.

Heimildir: Ársreikningar bankanna, útreikningar efnahagssviðs


En af hverju er rekstrarhagnaður bankanna ekki meiri fyrst tekjur þeirra af vaxtamun eru svo miklar? Skýringuna er að finna á kostnaðarhlíðinni en íslenskir bankar eru dýrir í rekstri miðað við banka í öðrum löndum. Hluta þess kostnaðar geta bankarnir minnkað með aukinni hagræðingu en stór hluti kostnaðar þeirra er tilkominn vegna ytri þátta sem bankarnir hafa litla stjórn á.

Smæð landsins, há krafa um eiginfjárbindingu, íþyngjandi skattbyrði og sívaxandi regluverk liggur allt utan áhrifasviðs bankanna en er til þess fallið að auka rekstrarkostnað þeirra og þ.a.l. tekjuþörf um leið.

### Almenningur greiðir álögurnar

Aukið regluverk og álögur sem lagðar hafa verið á bankastarfsemi undanfarin ár eiga sínar skýringar. Tekjuþörf ríkissjóðs hefur verið mikil og eins hefur vilji staðið til þess að minnka kerfisáhættu í bankakerfinu, með strangari reglum, ekki síst til að auðvelda fyrir afnámi hafta. Slíkar ráðstafanir eru til þess fallnar að koma niður á samkeppnishæfni bankastofnanna og um leið þeim kjörum sem almenningi býðst í viðskiptum sínum við þær. Áætlað efnahagssvið að álagning bankaskatts og sérstaks fjársýsluskatts sé ígildi um 15% af þeim vaxtamun sem bankarnir innheimtu árið 2014. Vaxtamunur íslensku bankanna svipar til minni norrænna banka ef horft er framhjá áhrifum þessara sértæku bankaskatta.

Áhrif sértækra bankaskatta á vaxtamun bankanna  
- m.v. skatta og vaxtamun á árinu 2014




Heimild: Útreikningar efnahagssviðs

Þeir sértæku skattar og álögur sem lagðar hafa verið á íslensku bankana undanfarin ár eru oft rökstuddir með vísan í meinta ríkisábyrgð en hvergi er þó kveðið á um að bankarnir njóti ríkisábyrgðar. Vissulega getur einhver freistnivandi falið í stuðningi Seðlabanka við banka í lausafjávanda og eins í mögulegum þrýstingi á ríkið að aðstoða kerfislega mikilvæga banka. Þá hættu er þó reynt að lágmarka með lausa- og eiginfjárkröfum og er því umdeilanlegt hvort rétt sé að skattleggja banka umfram önnur fyrirtæki. Er það sérstaklega áleitinn spurning í ljósi þess að almenningur ber að miklu leyti kostnaðinn.

## Er bankakerfið of stórt fyrir íslenskt hagkerfi?

Stærð bankakerfisins má meta sem hlutfall eigna bankakerfisins af landsframleiðslu þjóða og er í slíkum samanburði íslenska bankakerfið nokkuð minna en að jafnaði meðal ríkja OECD. Hrun bankakerfisins árið 2008 minnkaði það um áttfalda landsframleiðslu og er það nú svipað að stærð og það var árið 2003.



Heimildir: Hagstofa Íslands, Macrobond, OECD


Þó margt bendi til þess að íslenska bankakerfið sé ekki eins stórt og oft er af látið má vel skoða hvort tækifæri séu til að minnka það enn frekar. Til þess er nauðsynlegt að skoða bæði eigna- og skuldahlíð. Hvaða eignir eru það sem bankarnir gætu verið án og hvaða skuldir gætu þeir greitt niður á móti?

### Bankarnir geta minnkað um 6% án þess að draga úr útlánum

Á eignahlíðinni samsvara lán til viðskiptavina og lánastofnanna um 75% af heildareignum bankanna. Ólíklegt verður að teljast að mikill vilji sé til að draga úr útlánunum til fólks og fyrirtækja og verður því að horfa til annarra eigna. Stór hluti annarra eigna eru svokallaðar „lausar eignir“ bankanna, en lausafjárkröfur Seðlabankans kveða á um að bankarnir eigi tiltekið hlutfall innlána sinna sem lausar eignir og því er ekki í boði að minnka þær við núverandi regluverk nema að innlán minnki á móti.

Þær eignir bankanna sem eftir standa og eru hvorki útlán né eignir bundnar vegna skilyrða Seðlabanka nema um 6%<sup>1</sup> af heildareignum þeirra. Minnkun bankakerfis hlýtur því að snúast um sölu á þessum eignum. Að öðrum kosti þarf að draga úr útlánunum til fólks og fyrirtækja eða að breyta lausafjárreglum Seðlabanka Íslands.


<sup>1</sup> Fjármálastöðuleikaskýrsla Sí 2014/2



Heimildir: Ársreikningar viðskiptabankanna þriggja, Seðlabanki Íslands og útreikningar efnahagssviðs

### Best væri að greiða út eigið fé

Ef minnka á eignahliðina verður einnig að minnka skuldahliðina og eru bankarnir að miklu leyti fjármagnaðir með innlánum landsmanna og fyrirtækja. Innlán eru yfirleitt stærri hluti fjármögnunar minni banka líkt og þeirra íslensku og kemur það til vegna þess að aðgengi að lánamörkuðum er minni bönkum oft erfiðara. Ofan á það bætist að íslensku bankarnir líða fyrir að vera innan fjármagnshafta, sem bæði minnkar aðgengi þeirra að erlendum mörkuðum og skerðir kjör þeirra. Erfitt er að minnka innlán nema með því að lækka innlánsvexti og um leið auka vaxtamun en með afléttingu hafta er þó fyrirséð að einhver hluti þessara innlána muni leita úr landi.




<sup>1</sup> M.v. að heildareignir „minni banka“ < 6.000 ma.kr., heildareignir „stærri banka“ > 13.000 ma.kr.

Heimildir: Ársreikningar bankanna, útreikningar efnahagssviðs

Bankarnir hafa undanfarin misseri reynt að auka vægi markaðsfjármögnunar með útgáfu skuldabréfa en hún er þó einungis um 20% af heildarskuldum bankanna. Markaðsfjármögnun er bönkunum mikilvæg þar sem hún dregur úr kröfum um bundið fé og dreifir áhættu. Það er því ekki eftirsóknarvert að minnka þá fjármögnun, eðlilegra væri að auka vægi hennar.


Eftir stendur þá eigið fé bankanna. Ef minnka á eignir bankanna liggur beinast við að minnka eigið fé þeirra með arðgreiðslum en það var eins og áður segir um 600 ma.kr. í árslok 2014, eða um 20% af heildarskuldum. Það er nokkuð hátt í sögulegum samanburði og nokkuð umfram eiginfjárkröfu FME. Eigið fé er einnig dýrari fjármögnun en bæði innlán og önnur lántaka og eykur þannig fjármögnunarkostnað bankanna. Vegna áforma um losun hafta hefur Seðlabankinn þó varað við því að eigið fé sé minnkað vegna þeirrar óvissu sem afnáminu fylgir.



<sup>1</sup> eiginfjárhlutfall = eigið fé / heildareignum

Heimildir: Macrobond, útreikningar efnahagssviðs

Sé vilji til þess að minnka bankakerfið blasir við að það sem er mögulegt í stöðunni er að selja þær eignir bankanna sem ekki eru útlán eða bundnar vegna reglna Seðlabankans og greiða út arð sem því nemur. Með því móti væri hægt að minnka bankana um 6% og færi hlutfall eigin fjár af heildareignum þá úr 20% í ríflega 15%.



<sup>1</sup> M.v. að heildareignir „minni banka“ < 6.000 ma.kr., heildareignir „stærri banka“ > 13.000 ma.kr.

Heimild: Ársreikningar bankanna, útreikningar efnahagssviðs

### **Vaxtamunur kemur til vegna kostnaðar í bankakerfinu en ekki stærðar**

Hagnað bankakerfisins ber að skoða í samhengi við eigið fé en hagnaður bankanna án óreglulegra liða er í takt við almenna kröfu á markaði. Íslensku bankarnir eru hvorki stórir í alþjóðlegum né sögulegum samanburði en án þess að taka afstöðu til þess hvort þeir eigi að minnka vitum við hversu mikið þeir geta minnkað. Stærstu viðskiptabankarnir þrír geta minnkað efnahagsreikning sinn um 6% en sé vilji til að minnka þá enn frekar þarf að breyta því regluverki sem þeir starfa eftir. Á meðan að bankar starfa í skjóli loforðs um lausfjárstuðning Seðlabanka og teljast kerfislega mikilvægir er óvíst að vilji standi til þess.

Vaxtamunurinn er mikill og væri eftirsóknarvert að minnka hann. Kostnað í bankakerfinu þarf að minnka með frekari hagræðingu. Í allri umræðu um mikinn vaxtamun bankanna er þó mikilvægt að hafa í huga að íþyngjandi regluverk og sértækar álögur sem lagðar hafa verið á þá skila sér í auknum kostnaði sem viðskiptavinirnir, heimili og fyrirtæki, bera í formi lakari vaxtakjara. Sértæku skattarnir sem viðskiptabankarnir þrír greiddu á árinu 2014 eru ígildi um 15% af vaxtamuni bankanna. Leið til að minnka vaxtamun og þar með draga úr kostnaði til heimila og fyrirtækja er því að draga úr sértækum sköttum og álögum sem lagðar eru á bankakerfið.

*Ítarleg greining efnahagssviðs um samkeppnishæfni íslenskra fjármálafyrirtækja má finna [hér](#).*